

VALDAMIÐSTÖÐ Í MOSFELLSDAL:

RANNSÓKNIR Á FORNLEIFUM FRÁ TÍMUM
VÍKINGA AÐ HRÍSBRÚ OG MOSFELLI

JESSE BYOCK, PHILLIP WALKER, JON ERLANDSON,
PER HOLCK, DAVIDE ZORI, MAGNÚS GUÐMUNDSSON
AND MARK TVESKOV



(PUBLISHED IN)

FÉLAGATAL

ÓLAFÍA – RIT FORNLEIFAFRÆÐINGAFÉLAGS II

REYKJAVÍK 2007



MOSFELLSBÆR

Valdamiðstöð í Mosfellsdal

Rannsóknir á fornleifum frá tímum víkinga að Hrísrú og Mosfelli

Jesse Byock, Philip Walker, Jon Erlandson, Per Holck, David Zori, Magnús Guðmundsson og Mark Tveskov

„Það var sagt um haustið (ca. árið 1020) að Illugi reið heiman af Gilsbakka með þrjá tigu manna og kom til Mosfells snemma morguns. Önundur komst í kirkju og synir hans en Illugi tók frændur hans tvo. Hét annar Björn en annar Þorgrímur. Hann lét drepa Björn en fóthöggva Þorgrím. Reið Illugi heim eftir það og varð þessa engi rétting af Önundi“ (*Gunnlaugs saga Ormstungu* 1987, bls. 1192).

Tilvitnunin hér að ofan er ein af mörgum lýsingum úr Íslendingasögum og öðrum ritum frá miðöldum sem fjalla um íbúa Mosfellsdals. Þó svo að það sé ekki án vandkvæða að fást við ritaðar heimildir, þá gefa þessi miðaldarit okkar alþjóðlega rannsóknahóp verkfæri til að endurskapa landslagið á Mosfellssvæðinu á víkingaöld.

Mosfellsdalur, með nærliggjandi heiðarlandi og fjöru, er samsettur dalur úr bæði náttúrulegum og manngerðum þáttum sem ná yfir allt vistkerfi Íslands: Fjöru, fallvötn og fjalllendi.

Eftir að Fornleifavernd ríkisins veitti leyfi til uppgrafter, þá var grafið að Hrísrú í Mosfellsdal á sumrin árin 2001-2003. Þessi grein fjallar um þessar fornleifarannsóknir þar en þær nefnast MAP (Mosfell Archaeological Project). Undir stjórn Jesses Byocks og Phillips

Walkers hafa annars verið stundaðar fornleifarannsóknir í Mosfellsdal og Mosfellssveit síðan árið 1995. Byggt er á fornleifafræði, sagnfræði, mannfræði og náttúruvísindum og er samvinna við Þjóðminjasafn Íslands og Mosfellsbæ. Markmiðið er að skapa mynd af lífi íbúa Mosfellsdals og á svæðinu þar í kring við upphaf landnáms Íslands á víkingaöld og næstu aldir þar á eftir. Fornleifarannsóknirnar hófust með vettvangskonun í upphafi tíunda áratugar tuttugustu aldar og í kjölfarið fór fram könnunaruppgröftur árið 1995. Aðal uppgröfturinn hófst árið 2001 og hafa rannsóknirnar síðan þá leitt í ljós umfangsmiklar byggðaleifar frá víkingaöld.

Valdamiðstöð

Við uppgröftinn að Hrísrú árið 2001


komu í ljós fjöldi mikilvægra mannvistarleifa frá valdamiðstöð, m.a. forn kirkja og kirkjugarður ásamt greftunarstað í hól skammt frá þar sem minjar um líkbrennslu fundust. Markmið vettvangsvinnunnar 2002 og 2003 var að afla frekari upplýsinga til viðbótar við athyglisverðar niðurstöður frá rannsókninni 2001. Uppgröfturinn beindist því fyrst og fremst að þremur minjastöðum í landi Hrísrúar: Kirkjuhól, sem er hæð að baki hesthússins og þar voru grafnir könnunarskurðir árin 1995 og 2001; Hulduhól, sem er hóll um 60 m vestur af Kirkjuhóli; og Loddahól, sem er dálítill hóll norðaustarlega í túninu, norðan við Kirkjuhól (mynd 1).

Þegar rannsóknir okkar hófust í Mosfellsdal árið 1995, voru Kirkjuhóll og Hulduhóll notaðir til beitar. Báðir hólarnir voru grasi vaxnir og yfirborð þeirra órofið nema á fáeinum stöðum þar sem kýrnar höfðu traðkað grasið í svað. Ólafur Ingimundarson, bóndi á Hrísrú, fylgdist náð með fornleifarannsóknunum en hann býr yfir miklum fróðleik um lífshætti fyrri tíma og breytingar á landnotkun í dalnum. Fjölskylda hans hefur átt heima á jörðinni í margar kynslóðir. Þegar uppgröftur hófst á Kirkjuhóli tjáði hann okkur að aldrei hafi verið notuð landbúnaðartæki af neinu tagi á hólnum vegna þess að samkvæmt munnmælasögu á kirkja að hafa staðið þar til forna. Þannig er þetta enn en það er tiltölulega sjaldgæft í dag á íslenskum sveitabæjum sem eru mjög tæknivæddir. Það sama á við um Hulduhól, en þar voru það frekar sögur um huldufólk eða álfa sem fældi fólk frá. Það kom síðar í ljós að báðir hólarnir voru fornir grafreitir, bæði í kristnum og heiðnum sið.

Fjölmargar frásagnir í Íslendingasögunum hafa nýst við fornleifarannsóknirnar í Mosfellsdal, svo sem *Landnámabók*, *Egils saga Skallagrímssonar*, *Gunnlaugs saga Ormstungu*, *Hallfreðar saga*, *Kjalnesinga saga*, *Flóamanna saga* og *Orms þáttur Stórolfssonar* í *Flateyjarbók*. Þessar heimildir lýsa stöðum í Mosfellsdal og í Leiruvogi, sem árnar í dalnum renna um. Til dæmis segir í eftirfarandi kafla í *Gunnlaugs sögu Ormstungu* af Önundi, einum af goðum Mosfellsdals, að hann hafi ráðið yfir suðurstrandlengju svæðisins og verið kvæntur konu af góðum ættum af suðvesturströnd Íslands.

„Önundur hét maður er bjó suður að Mosfelli. Hann var auðmaður hinn mesti og hafði goðorð suður þar um nesin. Hann var kvongaður maður og hét Geirný kona hans, Gnúpsdóttir, Molda-Gnúps-sonar er nam suður í Grindavík. Þeirra synir voru þeir Hrafn og Þórarinn og Eindriði“ (*Gunnlaugs saga Ormstungu* 1987, bls. 1170-1171).

Ekki er allt tekið trúanlegt sem kemur fram í rituðum heimildum. Þó eru heimildirnar sem fjalla um Mosfellsdal oft almennar upplýsingar og ítarlegar í senn. Þessar heimildir veita okkur grundvallarupplýsingar um landnámsmenn, höfðingja, hermenn, konur og löggjafa úr Mosfellssveit. Mikið af upplýsingunum fjalla um efnislega og félagslega menningu, lýsa bústöðum, jörðum, samfélagslegri stöðu, ættartengslum, fjárhag og einnig ástæðum átaka og hvar þau áttu sér stað. Þessir textar hafa til þessa verið stórlega vanmetnir af sagnfræðingum og mannfræðingum sem heimildir um goðorðin. Með því að tengja saman niðurstöður



Mynd 1. Rannsóknarsvæði að Hrísbú voru á Hulduhóli, Kirkjuhóli og Loddahóli. Vegir frá nútíma eru grálitaðir en bær og útihús eru dökkgrátt.

fornleifarannsóknna MAP og frásagnir miðaldaritanna er nú hægt að leggja fram nýja túlkun upplýsinga um 250 ára tímabil í sögu mikilvægs héraðs, frá upphafi 10. aldar fram á miðja 12. öld, frá forsögulegum tíma til sögulegs tíma, frá heiðni til kristni.

Það er einstakt að hafa aðgang að ritum frá miðöldum um fornleifar frá víkingaöld, eins og þeim heimildum sem hægt er að tengja við minjarnar í Mosfellsdal. Umfangsmiklar búsetu-minjar frá víkingaöld er að finna víða á Norðurlöndum, í Bretlandi og Norður-Evrópu, en vegna þess hve lítið er um ritaðar heimildir vita fornleifafræðingar, sagnfræðingar og mannfræðingar mjög

lítið um persónulega sögu íbúanna og félagsleg, efnahagsleg og stjórnmálaleg tengsl þeirra. Vettvangur rannsókna í Mosfellssveit hefur þarna mikla sérstöðu. Þverfaglegar fornleifarannsóknir í Mosfellsdal hafa frá upphafi haft að leiðarljósi að nota aðferðafræði fornleifafræðinnar í samhengi við hálf sagnfræðilegar heimildir.

Frá upphafi landnáms Íslands á 9. öld, hafa mikilvægir höfðingjar búið í Mosfellsdal ásamt fjölskyldum sínum en frá þeim er víða sagt í heimildum. *Landnáma* segir frá Þórði Skeggja, fyrsta landnámsmanninum sem settist að á svæðinu um 900 en hann bjó yfir víðtækum fjölskyldutengslum og átti

marga bandamenn. Hans afkomendur urðu síðar fyrstu biskuparnir á Íslandi. Á áratugunum fyrir og eftir aldamótin 1000 bjó Grímur Svertingsson á Mosfelli. Hann var mjög áberandi höfðingi og lögsögumaður á Alþingi. Egill Skallagrímsson, tengdafaðir Gríms, bjó síðan þar á sínum efri árum. Hann lést á Mosfelli um 990 og samkvæmt frásögn í *Egils sögu* var hann upphaflega heygður í heiðinni gröf á Tjaldanesi, neðarlega í Mosfellsdal þar sem árnar Kaldakvísl og Suðurá mætast í mynni dalsins og renna saman til sjávar í Leiruvogi. Áratug síðar var lík Egils grafið upp og flutt að nýrri kirkju sem hafði verið byggð á Hrísbú skömmu eftir kristnitöku árið 1000. Næstu kynslóðir sem tóku við búi af Grími og Þórdísi á Hrísbú/Mosfelli á þriðja áratug 11. aldar, voru höfðinginn Önundur og sonur hans vígamaðurinn Hrafn.

Eftirfarandi kafli úr *Egils sögu* segir frá byggingu fyrstu kirkjunnar að Mosfelli/Hrísbú og síðar frá flutningi kirkju og kirkjugarðs á nýtt bæjarstæði, sem einnig var kallað Mosfell, um það bil 400 metrum austan við Hrísbú. Kaflinn segir frá því að þessi flutningur hafi átt sér stað þegar Skafti prestur var viðstaddur en það segir okkur að þetta hafi gerst um miðja 12. öld. Ýmsar aðrar heimildir, svo sem *Prestatal* (sem er nafnaskrá íslenskra presta af merkum ættum frá 12. öld), segja frá því að Skapti hafi verið á lífi árið 1143 (Nafnaskrá íslenskra 1857, bls. 186). Skapti virðist hafa verið afkomandi Egils og hann gæti einnig hafa verið höfðingi. Sumir fræðimenn, þar á meðal Sigurður Nordal, álykta að Skapti hafi verið eigandi Mosfells og goðorðsins þar, á miðri 12. öld, þegar eftirfarandi

atburðir úr *Egils sögu* áttu sér stað (Egils saga SkallaGrímssonar 1933, bls. vii):

„Grímur að Mosfelli var skírður þá er kristni var í lög leidd á Íslandi. Hann lét þar kirkju gera. En það er sögn manna að Þórdís hafi látið flytja Egil til kirkju og er það til jartegna að síðan er kirkjan var ger að Mosfelli en ofan tekin að Hrísbú sú kirkja er Grímur hafði gera látið þá var þar grafinn kirkjugarður. En undir altarisstaðnum þá fundust manna-bein. Þau voru miklu stærri en annarra manna bein. Þykjast menn það vita af sögn gamalla manna að mundu verið hafa bein Egils.

Þar var þá Skafti prestur Þórarinnsson, vitur maður. Hann tók upp hausinn Egils og setti á kirkjugarðinn. Var hausinn undarlega mikill en hitt þótti þó meir frá líkindum hve þungur var. Hausinn var allur bóróttur utan svo sem hörpuskel. Þá vildi Skafti forvitnast um þykkleik haussins. Tók hann þá handexi vel mikla og reiddi annarri hendi sem harðast og laust hamrinum á hausinn og vildi brjóta en þar sem á kom hvítnaði fyrir en ekki dalaði né sprakk, og má af slíku marka að haus sá mundi ekki auðskaddur fyrir höggum smá-mennis meðan svörður og hold fylgdi. Bein Egils voru lögð niður í utanverðum kirkjugarði að Mosfelli“ (*Egils saga* 1987, bls. 517).

Á undanförunum árum hefur athyglin beinst að ofangreindum kafla úr *Egils sögu*. Niðurstöður þeirra rannsókna, sérstaklega um Pagets veiki og faralds-

fræðilegrar sögu þeirrar beinaveiki, hafa nýst við fornleifarannsóknirnar og hafa frá upphafi mótað þverfaglegar áherslur rannsókna (Þórður Harðarson 1984, bls. 245-8; Byock, J. 1993, bls. 23-50; 1994, bls. 73-109; 1995, bls. 82-7).

Auk sagnanna um kirkjurnar og kirkjugarðana hefur ofangreind miðaldafrásögn hjálpað til við að útskýra uppruna örnefnanna, Mosfells og Hrisbrúar. Bæði nöfnin tengjast býlum Mosfellinga, eins og höfðingjaættin í Mosfellsdal var nefnd. Á 12. öld var upprunalegri jörð Mosfells skipt í tvennt, í tvær samliggjandi jarðir, og það virðist sem eldra bæjarstæðinu hafi verið gefið nafnið Hrisbrú. Skipting landsins skýrir notkun þessara tveggja nafna í miðaldaheimildum þegar talað er um elsta bæinn. Árið 1995 grófum við niður á horn af byggingu sem gæti verið leifar af kirkjunni frá 12. öld og nefnd er í kaflanum hér að ofan. Kirkjuna sem byggð var á nýju bæjarstæði Mosfells þegar hætt var að nota upprunalega kirkju Gríms á Hrisbrú og hún færð.


Þessir miðaldatextar gera það að verkum að minjastaðirnir í Mosfellsdal eru umluktil sögu, bæði sögu Íslands og Norðurlanda á víkingaöld. Til dæmis segir *Hallfreðar saga* frá Hallfreði, sem var bæði ljóðskáld og vígamaður, og endurkomu hans heim til Íslands. Eftirfarandi kafli greinir frá því að Önundur á Mosfelli/Hrisbrú hafi ráðið yfir höfninni við Leiruvog og að Mosfellingar hafi verið tilbúnir að innheimta tolla af ferðamönnum með valdi ef nauðsyn krafði.

„Ok at sumri fór Hallfreðr út til Íslands ok kom skipi sínu í Leiruvág fyrir sunnan land. Þá bjó Önundr at Mosfelli. Hallfreðr átti at (gjalda) hálfu mörk silfrs

húskarli Önundar ok svaraði heldr harðliga. Kom húskarlinn heim ok sagði sín vandræði. Hrafn kvað slíks ván, at hann myndi lægra hlut bera í þeira skiptum. Ok um morguninn eptir reið Hrafn til skips ok ætlaði at höggva strengina ok stöðva brottferð þeira Hallfreðar. Síðan áttu menn hlut í at sætta þá, ok var goldit hálfu meira en húskarl átti, ok skildu at því“ (*Vatnsdæla saga* 1939, bls. 196).

Aldrei mun fullvissa um það hvort þessi saga af Hallfreði sé sönn. Í fornleifafræðilegum skilningi eru upplýsingarnar um Hallfreð áhugaverðar en ekkert aðalatriði. Sagan er sögð til að sýna að Hallfreður var ofbeldisfullur heigull, sem lét vel að kúga þjónustufólk en stóðst vígamanni eins og Hrafn engan veginn snúning. Það sem skiptir máli er að í þessum miðaldatexta (og reyndar í mörgum öðrum ritheimildum) er greint frá Leiruvogi sem hafskipahöfn og efnahagslegum tengslum milli þeirrar hafnar og höfðingjanna að Mosfelli. Við hefðum gefið okkur þessi tengsl út frá landslaginu einu saman, en það er betra að hafa miðaldalýsingar af Mosfellingum sem voru reiðubúnir að berjast um yfirráð yfir strandsvæðinu við mynni dalsins (mynd 2).

Mikinn fróðleik er hægt að fá með því að skoða þessa miðaldatexta um Mosfellsveit í tengslum við þróun búsetu á Íslandi á víkingatímanum, sögulega, fornleifafræðilega og félagshagfræðilega. Þessar heimildir segja ekki aðeins frá æviskeiðum og svæðatengslum ákveðinna persóna, svo sem Þórðar Skeggja, Ingólfs Arnarsonar, Gríms Svertingssonar, Egils Skallagrímssonar; frá Önundi frá Mosfelli og syni hans



Mynd 2. Mosfellssveit. Kortið sýnir Mosfellsdal með bæjunum Hrisbrú og Mosfelli og nærliggjandi strandsvæði sem saman mynda eina heild.

Hrafni en einnig frá Þórdísi Egilsdóttur, Hallfreði, Illuga svarta og öðrum áberandi einstaklingum. Þannig veita þessar heimildir okkur upplýsingar um það sem sumir fræðimenn kalla „lítilvæga fólkið“ í sögunni, það er að segja um vinnumenn og vinnukonur á jörðunum. Það er sjaldgæft að minnst sé á þessa aðila í evrópskum miðaldaritum en það er einmitt þetta fólk sem notaðist við flesta af þeim munum sem finnast í fornleifarannsóknnum. Mosfell Archaeological Project sameinar þannig fornleifafræði, líffræðilega mannfræði, jarðfræði og ritaðar heimildir og bregður um leið ljósi á sögu samfélagsins í Norður-Atlantshafi á víkingaöld.

Það er mjög sjaldgæft á íslenskan mælikvarða að varðveist hafi margar ritaðar miðaldaheimildir sem lýsa ítarlega stöðum frá fyrstu öldum landnáms.

Fram að þessu hefur ekki verið unnt að finna mikið samband á milli fornleifarannsóknna á Íslandi og miðaldarita. Mjög fáar, ef þá nokkrar, ritaðar heimildir eru til um nýlegar fornleifarannsóknir frá fyrstu tímum landnáms á Íslandi, hvort sem fundist hafa byggingar, munir eða kirkjugarðar. Gott dæmi um þetta eru hin frábærlega uppgröfnu býli á Hofstöðum í Mývatnsveit (Simpson, I. A. et. al. 2003, bls. 1401-20). Engar heimildir hafa fundist sem veitt gætu upplýsingar um býlið, fólkið sem bjó þar, fjölskyldur þeirra og ættir, félagshlutverk eða um stjórnmálaleg og efnahagsleg áhrif. Afar fáar ritheimildir hafa fundist um Þjórsárdal, þar sem fram hafa farið stórkostlegar fornleifarannsóknir. Nokkrar línur í *Landnámu* og *Njáls sögu* hafa veitt mikilvæga sögulega innsýn í upp-

gröftinn að Stöng, meðal annars er sagt frá manni frá Stöng sem tengist rúnaáletrun á Orkneyjum (Sigurdur Thorarinsson 1943, bls. 17-21). Miðað við þetta þá eru ritaðar heimildir um Mosfell mikill happafengur bæði fyrir íslenska fornleifafræði og sagnfræði.

Það er óvenjulegt að röð fornleifa frá landnámstímanum séu tiltölulega óhreyfðar. Minnst er á mörg staðarheiti í sögunum og öðrum miðaldaheimildum, en á flestum stöðum hefur verið búið síðan svo að lítið hefur varðveist af fyrstu ummerkjum íbúanna. Önnur býli sem lýst er í heimildum hafa horfið vegna uppblásturs. Á enn öðrum stöðum hefur nútímataækni, svo sem landbúnaðarvélar og aðrar vinnuvélar fjarlæggt vegsummerki um forna byggð. Hulduhóll og Kirkjuhóll að Hrisbrú slupu við rask vinnuvéla.

Vissulega eru til órannsakaðar fornleifar sem hafa tengingu við miðalda-texta, en á síðustu áratugum hafa fáar fundist eða verið rannsakaðar. Með þetta í huga ætti þverfaglega aðferðafræðin sem MAP notast við að vera áhugaverð fyrir aðra fornleifafræðinga. Mosfellsdalur var að vandlega athuguðu máli valinn sem hentugur staður fyrir langtíma fornleifarannsókn á tíunda áratug tuttugustu aldar; eftir ítarlegar mælingar frá ströndinni, í dalnum og upp á Mosfellsheiði og hæðardrögin þar í kring. Á sama tíma voru athugaðar heimildir í handritum og munnmæli frá íbúum dalsins sem auðveldlega geta glatast. Tveir kennarar, Bjarki Bjarnason og Hlynur Helgason, tóku viðtöl við elstu íbúa dalsins um búskaparhætti og menningarminjar. Minningar íbúanna náðu aftur allt til hins horfna samfélags áður en Ísland nútímavæddist, fyrir seinni heimsstyrjöldina, eða árin

1920-1940. Um miðbik og lok tíunda áratugar tuttugustu aldar fór fram fosfat-greining og jarðeðlisfræðilegar mælingar, meðal annars segulmælingar, á mörgum stöðum í dalnum og nærliggjandi svæðum og í kjölfarið voru grafnir takmarkaðir könnunar-skurðir sem var fylgt eftir árið 2001 með umfangsmeiri uppgrefti á Kirkjuhól og Hulduhól.

Landslagið og dalkerfið

Kirkjuhóll, Hulduhóll og Loddahóll eru í dag fremur litlir, eggлага hólar aftan við fjósið á Hrisbrú. Stefna hólanna er svipuð frá suðvestri til norðausturs. Miðað við bergið sem sést í kringum Hulduhól og austan við Loddahól, þá gætu hólarnir verið yfirborð basaltsáss sem liggur frá klettum við norðanverðar rætur Mosfells. Hulduhóll er stærsti hóllinn og mikilfenglegastur úr fjarska. Við lítum á svæðið sem eitt samfélag þó rannsóknirnar hefjist á Mosfelli. Frá landnámi á 9. öld, hefur sveitin þróast í íslenskt víkingaaldarsamfélag. Verkefni okkar hefur verið að auka skilning á því hvernig þetta landsvæði þróaðist frá landnámi, með því ljúka upp sögu Mosfells. Sem betur fer virðist uppblástur ekki hafa eyðilagt leifar af fyrstu byggð í þessum dal, nema ef væri í Mosfellsbringum þar sem áður hétu Skógarbringur en eru nú örfoka beiti-lönd hestamanna í Mosfellsdal. Mosfellsdalur hefur, ólíkt mörgum öðrum stöðum frá upphafi Íslandsbyggðar, sem hafa eyðst, virkað eins og safnþró fyrir vind og vötn frá öðrum svæðum. Þar til fyrir nokkrum áratugum var dalbotninn þakinn mýrum sem náðu upp í hlíðar fellanna, næstum alveg að býlinu Hrisbrú. Þykk setlögina að Hrisbrú sýna vistfræðilegar breytingar sem marka á-


hrif hjarðmenningar landnámsmanna á landslagið við landnám. Einkum eru í jarðvegi í Kirkjuhóli og að nokkru leyti Hulduhóli margs konar byggingarleifar (torf og grjót, sorphaugar o.fl.), sem hafa verið huldar fokmold, og má rekja til þess að trjágróður var brenndur og síðar ofbeittur. Eins og í ljós kom fyrstu árin, þá er í brekkunni fyrir ofan túnin blanda af stærri og grófari grjót- og leirskriðum ásamt fokmold og gjósku.

Fornleifarannsóknirnar árin 2001-2003 ásamt fornleifaskráningu og jarðfræðirannsóknum, virðast benda til þess að íbúar dalsins hafi upprunalega búið í hliðunum undir Mosfelli en í dag búa þeir neðar og nær miðju dalsins sem hefur þornað upp. Nokkrar af landnámsbyggingunum virðast hafa verið yfirgefnar strax á fyrstu öldum landnáms vegna upplásturs og aurflóða. Aurflóðin hafa líklega komið til vegna grisjunar skóga og þegar búsmala var beitt á viðkvæmar mosabreiður á fellinu. Á 11. og 12. öld færðu íbúarnir margar af byggingum sínum á öruggari staði í dalnum, fjær aur- og grjótskriðunum. Þeir fluttu annað hvort þangað sem prestsetrið á Mosfelli stendur í dag (austan við Hrisbrú), eða nær því þar sem býlin að Hrisbrú standa í dag (gamla Mosfell). Upprunalegu býlin hurfu fljótlega undir yfirborð jarðar og þar hafa þau legið til dagsins í dag. Fornleifarannsóknir fram tíðar munu skera úr um það hvort einhver landnámsbyggð að Hrisbrú hafi verið flutt þegar á 10. öld.

Byggðin í Mosfellsdal er að mörgu leyti lýsandi fyrir landnám við strendur Íslands á fyrstu öldum landnámsins. Landnemarnir þurftu að aðlagast óblíðu landslagi norðursins sem var stundum með takmörkuðum auðlindum. Frá

félagssagnfræðilegu og mannfræðilegu sjónarhorni, er Ísland eins konar félagsleg rannsóknastofa (Byock, J. 2001) þar sem vitnisburður fornleifafræðinnar gegnir stóru hlutverki. Íbúarnir voru flestir frjálsir landeigendur og bændur, sem tóku virkan þátt í stjórnámum landsins (Jón Jóhannesson 1974; Gunnar Karlsson 2000, 2004). Þrælahald þekktist en algengast var að ráða frjálsa menn eða leiguliða. Goðar, minni háttar skandinavískir höfðingjar, sáu um stjórnámálin. Meirihlutasamþykki var mikilvægt í ákvarðanatöku og stjórnvöld Íslands á miðöldum sáu aðallega um stjórnámálaleg og lagaleg málefni frjálsra bænda.

Umhverfið sem landnámsmennirnir komu að var gjörólíkt meginlandi Skandinavíu eða Bretlandseyja. Áhrif virkra eldstöðva, jökla, vistfræðin við norðurheimsskautsbaug ásamt veðrinu, fjarlægðin frá Evrópu og skortur á timbri mótaði bæði menningu og samfélag landnámsmanna (Buckland, P. 2000, bls. 146-153; Amorosi, T., et. al. 1997, bls. 491-518; Smith, K. P. 1995, bls. 319-46). Þeir tóku með sér hunda, ketti, svín, geitur, kindur, nautgripi og hross. Þeir tóku einnig með sér lýs, flær, bjöllur og fleira í þeim dúr. Landnámsmennirnir notuðust við þær hefðbundnu aðferðir sem þeir kunnu, norskar aðferðir, við að byggja landið, en þær aðferðir höfðu afar eyðileggjandi áhrif á þetta viðkvæma norðlæga vistkerfi. Fyrstu aldirnar voru hins vegar góðar og íbúar dala, eins og Mosfellsdals, nýttu sér aðstæðurnar við sjávarsíðuna sem voru góðar vegna hlýinda frá Golfstraumnum. Engar vísbendingar hafa fundist um þéttbýlismyndun. Þeir bjuggu á einöngruðum býlum og virðast frá upphafi hafa notað



Mynd 3. Kirkjurústir með nærliggjandi gröfum, eftir uppgröftinn 2003. Hvoru tveggja fundust endurgráfin bein fyrir norðan og sunnan kirkjukórinn. Austan við kirkjuna voru hauskúpur með banvænum sárum (e. *homicide victim*). Tómar grafir fundust fyrir austan og sunnan kirkjuna.

nærliggjandi heiðarlönd sem beitarsvæði fyrir húsdýr yfir sumartímann. Stærsta hættan sem steðjaði að landnámsmönnum var ekki endilega óblíð náttúran heldur aðrir menn. Stjórnmal á Íslandi mótuðust einnig af ættflokka-deilum og málaferlum.

Mosfellsdalur er þjóðfélagslega, menningarlega, jarðfræðilega og umhverfislega smækkuð mynd af Íslandi á fyrstu öldum landnáms. Dalurinn og ströndin voru að hluta til sjálfbær félagsleg og hagfræðileg eining, sem tengdist jafnframt öllu landinu með flóknum reiðgötum, því engir akvegir

voru til á Íslandi fyrr en í upphafi 20. aldar. Aðalbrautin, sem tengdi saman Vesturland og Suðurland, lá í gegnum Mosfellsdal. Sú leið lá einnig til Alþingis á Þingvöllum sem er í 30 km fjarlægð frá Mosfelli. Mosfell er nálægt einum bestu fiskimiðum á Íslandi, svo efnahagur Mosfells byggðist hvoru tveggja á landbúnaði og sjávarfangi. Árið 2001 kolefnismældum við beina-grind frá 11. öld, og komumst að því að um það bil 28% af fæðu einstaklingsins kom af neyslu á fiski, sjávarspendýrum, skeldýrum eða öðru sjávarfangi.

Fornleifarannsóknirnar hafa leitt í ljós



Mynd 4. Rústir á Kirkjuhóli eftir uppgröft 2003. Kirkjukórinn er við enda uppgriftarsvæðis, þar sem fólkið stendur. Í forgrunni eru leifar af seinni tíma skipulagi, en undir því eru leifar kirkju-skipis.

fleiri sannanir fyrir hinum nánú tengslum milli dals og sjávar. Árið 2002 voru til dæmis mældar lífrænar leifar í jarðvegi frá Kirkjuhóli og þar kom í ljós mikið magn leifa tvískelja skeldýra. Miðað við formgerðarfræði, virðast þessar leifar vera af kræklingi sem finnst á grýttum svæðum með litlar öldur, svo sem er í dag í Leiruvogi skammt frá mynni Mosfellsdals. Þessar sjávarleifar líkjust öðrum leifum í sorphaugum úr kölluðu beini og

lífrænum efnum sem fundust við Kirkjuhól árið 2001 í eystri hluta skurðar CK-2001-2 (Byock, J. handrit). Kolefnisgreining miðuð við leiðréttan aldur leifanna gefur til kynna uppruna frá því um 740-880 (miðað við eitt staðalfrávik) eða 690-940 (miðað við tvö staðalfrávik). Sé tekið tillit til óvissuþáttar í mælingum sem staðbundin sjávaráhrif geta haft og þann möguleika að gamalt kolefni hafi borist inn ármynnið með heitum uppsprettum,

en áin Varmá rennur þar til sjávar, þá er þessi aldur almennt í góðu samræmi við vitneskju okkar um hvenær búið var að Hrísbú frá víkingatíma að kristnitöku.


Verslun, ferðir og aðflutningur fólks skiptu miklu máli fyrir íbúa Mosfells-sveitar á víkingatímum og á miðöldum. Mosfellsdalur var efnahagslegur og menningarlegur tengiliður á Norðurlöndum og í Evrópu vegna hafnarinnar í Leiruvogi. Margar spurningar vakna um uppruna íbúanna á Mosfelli vegna hafnarinnar í Leiruvogi og einnig vegna lýsinga úr Íslendingasögunum. Mikið er deilt um uppruna landnámsmanna Íslands og greiningar okkar á beinagrindum frá 10. og 11. öld gætu varpað ljósi á ýmislegt hvað þetta varðar. MAP er meðal fyrstu rannsókna þar sem notast er við greiningu ísótópa á glerungi í tönnum manna til að finna fæðingarstað eða æskustöðvar þeirra einstaklinga sem grafnir hafa verið upp. Magn stöðugra strontium ísótópa í grunnvatni er mismunandi eftir landsvæðum, og eldfjallabergtegundir Íslands eru mjög frábrugðnar bergi annars staðar á Norðurlöndum. Munurinn á gömlum berggrunni Noregs og ungu eldfjallaumhverfi Íslands gerir okkur kleift að greina hvort tennur einstaklingsins mynduðust á meðan viðkomandi bjó á Íslandi eða annars staðar á Norðurlöndum. Þetta er hægt því mismunandi er eftir svæðum hvernig ísótópísk gildi yfirfærast í kalkvefi í tönnum viðkomandi.

McMaster háskóli hefur rannsakað ísótópa í beinagrindum þriggja einstaklinga sem grafnir voru að Mosfelli og virðast allir hafa verið fæddir og uppaldir á Íslandi (Schwarcz, H. og A. Dickin handrit, bls. 84-85).

Kirkjuhóll

Mannvistarleifarnar á Kirkjuhóli eru fjölbreyttar en kolefnisgreiningar, jarðfræði, gjóskulagafræði og umbúnaður við greftrun virðast benda til almennrar þróunar frá víkingatíma og fram yfir kristnitöku. Niðurstöður fornleifarannsóknanna gefa vísbendingar um fjölbreytta greftrunarsíði á Hrísbú, einkum í kringum árið 1000. Þrjú mismunandi byggingaskeið hafa verið skilgreind á Kirkjuhóli. Fyrsta tímabilið einkennist af sorphaug og löskuðum torfveggjum. Ofan á þessum sorphaugum eru óskaddaðar byggingaleifar kirkju sem er umkringd af gröfum frá sama tíma og hafa þær verið kolefnisgreindar til 10. og 11. aldar (myndir 3-4). Í efsta laginu fundust leifar af byggingu sem notuð hefur verið til landbúnaðar, hugsanlega hrúnið fjárhús. Jarðlagagreining og leirkerabrot frá síðari tímum í þessari litlu byggingu sýna að hún er mörgum öldum yngri en landnámsöld. Efnifræðileg og jarðfræðileg greining á gjóskulögum og kolefnisgreiningar sem gerðar voru árið 2002 staðfesta að leifar elsta torfhússins og sorphaugsins þar hjá, ásamt grafreit og undirstöðum kirkjunnar, eru frá 10. og 11. öld. Elstu mannvistarlögin á Hrísbú, gætu verið frá því um 900 og eru greinilega eldri en kirkjan. Það er tilgáta sem við munum kanna við rannsóknir í framtíðinni. *Landnáma* segir einmitt að Þórður Skeggi hafi sest að í Mosfells-sveit um árið 900.

Meðal byggingarleifa kirkjunnar sem grafnar voru upp á Kirkjuhóli árið 2002, fannst vel varðveittur steinhlaðinn grunnur suðurveggs kirkjukórsins (mynd 5). Árið 2003 var haldið áfram þar sem frá var horfið árin 2001 og 2002 og þá komu í ljós austur- og



Mynd 5. Leifar af suðurvegg kirkjukórsins (Feature 19 = Snið 19) og grafir á Kirkjuhóli eftir rannsóknir 2002.

norðurveggur kórsins. Kórinn er um það bil 2 m langur og 2 m breður. Norður og suður veggir kórsins virðast hafa verið reistir með því að setja lóðrétt stafi eða planku inn í lárétt fótstykki úr tré. Fótstykkinn hvíldu á mól

og litlir, lóðréttir og niðurgrafnir steinar studdu við suður- og norðurveggi kórsins (mynd 3). Í mölinni fundust víðarleifar, sem eru líklega leifar af fótstykkjunum (sjá neðar varðandi umræður um Jarðlag I en þar er fjallað um

kolefnisgreiningar af svipuðum koluðum og ókoluðum viðarbitum sem fundust í malarbornu gólflagi kórsins). Lárétu stafirnir í austurveggnum hvíldu á stórum, flötum steinum (Byock, J. et al. handrit, b). Við lok uppgrafar árið 2003 gátum við greint á milli laskaðra leifa fjárhússins í efri lögunum og miklu eldra vel varðveitts kirkjuskips sem lá þar undir.

Markmið komandi rannsókna verður að skrásetja og fjarlægja efstu byggingarleifar og að komast að kirkjuskipinu. Ekki hafa fundist heilir burðarbitar úr grunni elstu íslensku kirknanna eða hornstoðir úr elstu þeim (og mjög fáir burðarbitar hafa fundist úr elstu kirkjum Noregs). Því er mörgum spurningum enn ósvarað um hvernig kirkjurnar voru byggðar, og ekki síst hvernig hlutarnir voru tengdir saman. Vegna þess að hægt var að sjá nákvæma staðsetningu hins vel varðveitta fótstykkis úr grunni kirkjunnar, þá er hér möguleiki fyrir hendi að næsta rannsóknatímabil geti varpað nýju ljósi á húsagerðarlist og byggingafræðilegar aðferðir elstu íslensku kirknanna.

Kolefnisgreiningar frá þessum stað styðja þá kenningu að „byggingin“, sem virðist hafa gengið í gegnum nokkur byggingaskeið, sé kirkjan frá siðaskiptum sem minnst er á í *Egils sögu*. Ef svo er, þá er þetta kirkjan sem sagan segir okkur að líkamsleifar Egils hafi verið fluttar í um 1000 þegar þær voru teknar úr heiðnu kumli hans í Tjaldanesi. Auk *Egils sögu* er í *Gunnlaugs sögu ormstungu* einnig sagt frá kirkju á þessum stað um 1020 (sjá tilvitnun ofan). Samkvæmt *Egils sögu* var upphaflega kirkjan að Hrísrú rifin um miðbik 12. aldar og þá var reist ný kirkja og kirkjugarður nokkur hundruð

metrum austur. Við höfum ekki enn komist að endanlegri niðurstöðu en skoðum þessa tilgátu við áframhaldandi rannsóknir.

Við fundum nokkrar tómar grafir í gamla kirkjugarðinum að Hrísrú en þær styðja frásagnir úr sögunum um að bein hafi verið flutt í nýja kirkjugarðinn. Í gröfunum hafa fundist leifar af mannabeinum, sem líklega hafa gleymst við flutninginn. Flutningur á beinum er í samræmi við lýsingar í fornsögum og *Grágás*, og einkum *Egils sögu* þar sem sagt er frá endurgreftri heiðinna forfedra að Mosfelli/Hrísrú.

Níu grafir voru rannsakaðar í kirkjugörðunum að Hrísrú árin 2001 og 2002. Þessar grafir voru við suður- og vesturvegg kirkjunnar. Í gröfunum fundust átta fullorðnir (sex karlar, ein kona og einn sem ekki var unnt að kyngreina) og ein illa varðveitt barnsbeinagrind. Grafirnar eru mjög mismunandi hvað snertir varðveislu beina, umbúnað og legu. Að minnsta kosti sjö af gröfunum lágu í norðaustur, með höfuð til vesturs. Við rannsóknina árið 2003 fundust fimm grafir í viðbót norðan við kirkjuna (allt karlar) ásamt nokkrum tómunum gröfum að sunnanverðu. Flest líkin virðast hafa verið jarðsett í kistu, því í gröfunum fundust kistuleifar og líkkistunaglar. Í gröfunum fannst einnig útskorið hvalbein og stafur sem ein beinagrindin hélt um. Loks fundust brot úr járnþotti og viðarleifar.

Í könnunarskurðum sem grafir voru 2001, um 10 metra austur af kirkjunni, fundust þrjú þunn lög með viðarkolum og brenndum beinum (CK-2001-2, sjá mynd 5), en þau virðast vera leifar af sorpi og sóti úr eldstó. Hluti þessara laga eru hugsanlega leifar af stórrí

eldgryfju. Kolefnisgreining á kolaðri trjágrein sem fannst í mannvirki sem merkt er myndsníði 10 gaf með leiðréttingu meðalaldurinn um árið 900. Upphafleg flokkun á leifum úr sniðkjörnum sýndi hátt hlutfall viðarkola, þó nokkuð magn spendýra- og fugla-beina og lítið magn af óbrenndum fiskbeinum. Frumgreining bendir til þess að fiskbeinin séu úr síld. Einnig fundust nokkur brot úr unnu járn. Á uppgrafter-svæðinu virðast vera litlar tinnusteinsflögur, eða eitthvað þeim líkt. Vegna leifa óbrenndra fiskbeina, þá grunar okkur að þetta sé sorphaugur blandaður ösku úr eldstæði. Ef svo reynist, þá erum við líklega mjög nálægt íveru-húsinu.

Fjöldi jarð- og mannvistarlagar eru á Kirkjuhóli. Mannvistarleifar eru aðallega í lagi 1, sem er frekar einsleitt lag af dökkbrúnni, lífrænni og leðjukenndri fokmold. Í lagi 2 sem er beint fyrir neðan er 10-15 cm þykkt lag úr finum, dökkgráum leir og fokmold blandaðri kolum og smá votti af mannvistarleifum. Undir lagi 2 eru tvö lög, að mestu án allra mannvistarleifa. Hið fyrra er lag 3, sem er um 20-30 cm þykkt forsögulegt og óhreyft setlag blandað þunnum linsum af dökkum, appelsínugulum og dökkbrúnum sandi, mold og grárri gjósku. Lag 4 er dökkt, appelsínugult og brúnt lag úr finni sandleðju með um það bil 40% hvasshorn og blöðróttri basaltmöl og steinum.

Landnámsgjóska (sem aldursgreind er til ársins 871±2) og gjóska frá fyrri hluta 10. aldar sem er í torfveggjum í neðri hlutum laga 1 og 2 leggja grunninn að aldursgreiningu (Grönvold, K. et. al. 1995, bls. 149-55). Þessi tvö efri lög eru mestmegnis yngri en

920. Efst á hólnum er lag 1 um einn metri á þykkt og um hálfur metri til hliðanna. Meðal mannvistarleifa í lagi 1 eru byggingarleifar, grafir manna, gripir, aðflutt mól og basaltsteinar, og mikið af smáum dýrabeinum. Jarðlagið virðist mjög einsleitt, líklega vegna umróts ánamaðka. Grafir, sorphaugar, húsgrunnar úr torfi og grjóti eru ágætlega varðveittir, en veggir grafanna eru oft óljósir. Einkum er í lagi 1 mikið af leifum sem benda til mannvistar, til dæmis eru oft blettir yfir gröfunum með rauðum eða gulleitum járnútfellingum, brennd lífræn efni og viðarleifar.

Innan lags 1 eru undirlög sem gætu verið mannvistarlög. Eitt er 2-3 cm þykkt samfellt lag af rauðri og gulleitri járnútfellingu sem liggur um það bil 30 cm undir yfirborði hólins. Þetta jarðlag var greinilegast undir litlum manngerðum hól og var yfir yngra fjárhúsinu sem var ofan á kirkjunni og samsíða útlínunum yfirborðs aðal uppgrafter-svæðisins. Þessi rák lá yfir greiftrunar-svæðið og yfir stein- og malargrunn kirkjukórsins. Annað undirlag, örþunnt malarlag, er aðallega undir yfirborði hólins fyrir miðju. Það er þykkast undir miðju hans, um 15 cm, og hvílir á malar- og steingrunninum. Þessi steinrák, sem er rofin af stærri byggingu, virðist vera hluti af gólflagi, en hún hefur verið notuð til þess að byggja upp austurhluta kirkjunnar. Nákvæm athugun leiddi í ljós að í rákinni mátti finna bæði kolaðar og ókolaðar viðarleifar. Með þá kenningu í huga að viðarleifarnar gætu verið veðraðar leifar úr kirkjunni, þá sendum við hluta af óbrenndum viði til kolefnisgreiningar. Óleiðrétt AMS aldursgreining 1150±40 B.P. (Beta – 175676) sýnir að áætlaður aldur viðarins er frá um 890, eða innan




Mynd 6. Hauskúpa af ungum manni, um 25 ára gömlum, sem fannst í hrúgu af ósamstæðum beinum sem höfðu verið jarðsett að nýju rétt fyrir utan suðurvegg kórs eldri kirkjunnar að Hrísrú. Nokkrar meinafræðilegar breytingar eru á hauskúpunni, meðal annars meinvarp eftir króníska eyrnabólgu sem hefur valdið því að æxli myndaðist í heila og leiddi það sennilega til dauða. Far eftir æxlið má sjá innan á höfuðkúpunni þar sem dökka svæðið er.

tímabilsins 870-960 miðað við eitt staðalfrávik. Ef aldursgreindi viðurinn er hluti kirkjunnar, ef til vill hluti af veggjum eða gólfi, eru miklar líkur á því að aldursgreiningin sýni fremur aldur viðarins þegar hann óx en hvenær timbrið var notað af íbúum Hrísrúar.

Við getum nú dregið saman langtíma niðurstöður fornleifarannsóknar okkar á Hrísrú. Árið 2001 hófum við umfangsmikinn uppgröft efst á grasigrónum Kirkjuhóli og þar fundum við fornar grafir og byggingar. Við höldum uppgræfti áfram árin 2002 og 2003 og skráðum flókna byggingasögu svæðis-

ins sem nær frá heiðni til kristnitöku, eða árabilið 900-1100. Áratuga rannsóknir sem fram hafa farið frá 1995 á Kirkjuhóli, hafa leitt í ljós mannvirkja-leifar frá víkingaöld fram á miðaldir. Þarna eru mannvistarleifar, sorp og byggingaleifar (svo sem torfveggir og gólfskánir myndaðar úr lífrænum lögum, hey, kol og bein), sem hafa verið aldursgreindar til upphafs 10. aldar, ásamt steinhlöðnum grunni lítillar kirkju og tilheyrandi kirkjugarði sem hefur verið aldursgreindur til upphafs 11. aldar. Þessi kirkja virðist tengjast kirkjunni að Hrísrú og nefnd er í *Egils*



Mynd 7. Myndir af hauskúpu úr sniði 2 (Feature 2). Sjá má hvirfil og hnakka með sárum eftir flugbeitt eggjárn, öxi eða sverð. Sárin leiddu til dauða.

sögu sem er ein best skrásetta og varðveitta heimild um kirkjubyggingar í frumkristni á Íslandi. Hún er því afar mikilvæg fyrir samanburðarrannsóknir á slíkum byggingum og trúarmenningu á norðlægum slóðum.

Fornlífræðileg gögn

Fornlífræðilegar rannsóknir skipa stóran sess við rannsóknir okkar og gefa góða hugmynd um hvernig daglegt líf á víkingaöld var á Hrísrú. Þær beinagrindur sem grafnar voru upp á árunum 2001-2003 veita nýjar og mikilvægar upplýsingar um heilsufar og lifnaðarhætti fyrstu íbúa Íslands. Algengt er að á beinagrindunum séu sýnileg merki um

ýmsa sjúkdóma, þar á meðal hrörnunar-sjúkdóma af völdum vinnuálags, eins og slitgigt, næringarskort (óþroskaður glerungur) og sýkingar í tönnum. Við uppgröftinn árin 2002 og 2003 sáuð ummerki á beinagrindum um að smit-sjúkdómar, erfiðisvinna og meiriháttar meiðsl voru algeng meðal íbúa á þessum tíma í kringum kristnitöku. Nokkrir þessara einstaklinga hafa átt erfiða æsku en það sést best á því að tennur þeirra uxu ekki eðlilega. Er það oftast af völdum næringarskorts eða sjúkdóma. Á beinagrindum þeirra sem komust til fullorðinsára má greina greinileg gigtareinkenni. Meinafræðilegar skemmdir í beinagrindum þessara



Mynd 8. Brunnin höfuðkúpabrot sem fundust í Hulduhóli, skurði EH 2001-2002. Fjögur höfuðkúpubein sennilega úr sama einstaklingi, konu eða karlmanni á fertugsaldri, fundust við uppgröftinn árin 2001-2003.

fornu Íslendinga benda til þess að þeir hafi lifað við mjög erfiðar aðstæður.

Sumt af því sem fundist hefur í gröfum á Kirkjuhóli má bera saman við athafnir sem lýst er í Íslendingasögum og öðrum fornislenskum ritheimildum. Sem dæmi má nefna endurgrafna beinagrind sem lögð hafði verið alveg upp við suðurvegg kirkjunnar á Kirkjuhóli (mynd 6; sjá einnig mynd 5, snið 4, og endurgreftun á mynd 3). Með þessari endurgröfðu beinagrind af ungum manni á þrítugsaldri, fannst einnig fallega útskorið men úr hvalbeini, sem lýst er í sögunum sem verndargrip gegn sjúkdómum. Þessi ungi maður þjáðist reyndar af banvænum sjúkdómi. Í höfuðkúpu hans má greina meinafræðilegan kvilla, meðal annars í hægra gagnaugabeini, sem breiðst hefur út til nærliggjandi beina. Þetta bendir til berklaveiki og þess vegna er þessi höfuðkúpa einn elsti vitnisburður um berklaveiki á Íslandi. Beinaleifarnar segja ýmislegt fleira um þennan unga

mann, sem hefur að öllum líkindum verið óvenjulegur útlits. Hann var með auka framtönn í efra tanngarði, fjóra jaxla vinstra megin í neðra tanngarði og æxli í nefinu. Skemmdir voru í hryggjarliðum og á mjaðmakúlu sem bendir til þess að hann hafi hlotið meiðsl á mjöðmum og hryggjasúlu við fall eða annað óhapp. Breytingar á handleggjum og öxlum benda til þess að hann hafi unnið mikla erfiðisvinnu, og þurft að draga þunga hluti (Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson 2005, bls. 32-33).

Ofbeldi kom einnig við sögu að Hrisbrú. Ein beinagrindin virðist hafa verið fórnarlamb morðs (mynd 7, sjá einnig snið 2 á mynd 5). Hún er af manni á fimmtudagsaldri sem var jarðsettur austan við grunn kirkjukórsins. Hann hefur hlotið mikið höfuðhögg og er gapandi sár vinstra megin á hvirflinum sýnilegt. Í hnakkann vantar hluta af höfuðkúpunni. Þessi sár hafa valdið skjótum dauðdaga. Sárin sýna að



Mynd 9. Litið til norðausturs í átt að Hulduhóli.

vopn sem notuð voru á þetta fórnarlamb voru í hæsta gæðaflokki. Sjaldgæft er að íslenskar beinagrindur frá þessum tíma sýni ummerki um mikla ofbeldis-áverka og árum saman hefur verið deilt um hversu góð vopnin voru sem menn notuðu á landnámsöld. Af þessari höfuðkúpu að dæma má að minnsta kosti sjá að einn eða tveir landsmanna áttu mjög góð vopn. Sárið á hvirflinum var líklega axarsár, miðað við stærð og afmarkað ummál höggfarsins, á meðan sárið að aftanverðu hefur annað hvort verið af völdum axar eða sverðs. Hugsanlegt er að árásarmennirnir hafi verið tveir og miðað við að högginn virðast hafa komið beint ofan frá á höfuðkúpuna má telja líklegt að fórnarlambið

hafi verið tekið af lífi.

Þessi vitnisburður um ofbeldisfull átök á Mosfelli/Hrísbrú ber saman við frásagnir Íslendingasagna um ættarerjur (Helgi Þorláksson 1994, bls. 389-414; Byock, J. 2001, bls. 207-51). Einkum samsvarar frásögn í *Gunnlaugs sögu Ormstungu* niðurstöðum fornleifarannsóknarinnar um ofbeldi á Mosfelli/Hrísbrú, að minnsta kosti almennt séð. Sagan segir að um 1020 reið Illugi svarti með 30 menn til keppinautar síns Önundar, sem var höfðingi á Mosfelli, og að Illugi hafi tekið Björn, einn af ættingjum Önundar, til fanga og drepð til að hefna fyrir vig (sbr. tilvitnun í upphafi þessarar greinar).

Hulduhóll: líkbrennslustaður

Hinn tignarlegi Hulduhóll stendur vestast á bæjarhólnum á Hrísbú og vísar vestur yfir hafið (mynd 9). Þetta er mest áberandi náttúruleikni norðan megin þegar haldið er inn dalinn. Hóllinn er mótaður í skipslíki af náttúrunnar hendi. Stefnið liggur í vesturátt og mótast af undirliggjandi basaltbergi. Hann er hæstur og breiðastur um miðbikið og mjókkar til austurs. Hóllinn er flatur fyrir miðju og þar er grasið sérstaklega gróskumikið. Ef staðið er á miðju hólsins og horft yfir vesturodda hans, vísar Hulduhóll beint til hafnarinnar sem sést við ströndina í Leiruvogi.


Einhvern tíma fyrr á öldum hefur vesturhluti hólsins verið lagfærður líttillega. Þá hefur mól verið borin að og notuð til þess að fylla upp í 4 metra langa og 20 cm djúpa dæld til að jafna út muninn á hæsta punkti hólsins og stefninu. Stórar steinhellur, sem komið hefur verið fyrir við norður- og suðurhliðina, halda mölinni á sínum stað. Hulduhóll er því samsettur úr mörgum stórum og margvíslegum þáttum. Vesturendinn er manngerður, úr malarfyllingu, líklega til að undirstrika skipslag hólsins. Miðja hólsins er annar hluti og er hún sýnileg hvaðanæva að úr dalnum. Líkt og á Kirkjuhóli, hafa nútíma landbúnaðartæki aldrei verið notuð á Hulduhóli. Eins og nafnið gefur til kynna, þá var talið að huldufólk byggi í Hulduhól og það var ástæðan fyrir því að ekkert var gert á þessum hól, sem raskað gæti ró álfanna. Allir þessir þættir vöktu áhuga okkar.

Á víkingaöld voru bæði líkbrennsla og venjulegar jarðarfarir algengar greftrunaraðferðir á Norðurlöndum. Þrátt fyrir leit fornleifafræðinga í nær

heila öld hafa ekki fundist nein ummerki um líkbrennslu á Íslandi. Í ritinu *Sögu Íslands*, er merkileg grein fornleifafræðinnar um Ísland til forna (Kristján Eldjárn 1974). Greinina skrifaði Kristján Eldjárn, f.v. forseti og þjóðminjavörður og einn fremsti sérfræðingur í heiðnum greftrunarsíðum á Íslandi. Kristján skrifar sérstakan kafla um líkbrennslu og greftranir en hann hefst svona:

„Ekki verður svo við kumlin skilízt að ekki sé minnst á það merkilega atriði, að í þeim rúmlega 300 kumlum, sem nokkur þekking er á, finnst hvergi vottur líkbrennslu. Aldrei hefur neitt fundizt á Íslandi sem bendir til þess að dauðir men hafi nokkurn tíma verið brenndir þar. Slíkt getur átt eftir að finnast, en almennar líkur eru eindregið þær, að þessi útfararsíður hafi alls ekki viðgengizt hér á landi. Þetta er merkilegt þegar þess er gætt, að hvarvetna á Norðurlöndum var líkbrennsla alþekkt á víkingaöld, eða landnáms- og söguöld vorri, og reyndar allt síðan á rómverskri járnöld, en svo eru nefndar í menningarsögu Norðurlanda fyrstu fjórar aldir eftir Kristburð (Kristján Eldjárn 1974, bls. 138).“

Efst á miðjum Hulduhól rannsókuðum við leifar af því sem virðist vera líkbrennslustaður frá víkingaöld (mynd 10). Hann fannst í um 25 cm jarðvegs-lagi sem þakti basalt berggrunn hólsins. Í því var að finna þykkt lag af viðarkolum, öskulög og fjögur brennd brot úr hauskúpu manns (mynd 8). Auk þess var mikið af litlum brotum úr beinum, leifum af bronsplötu og járnbrotum og



Mynd 10. Hulduhóll er eins og skip í laginu og að hluta til manngerður. Þar virðast hafa farið fram líkbrennslur. Rannsóknarsvæðin á hólnum sýna hvar grafið var á árunum 1999-2003. Á svæðinu fannst mikið af viðarkolum og ösku með leifum af brunnum manna- og dýrabeinum, auk leifa af járn-, kopar- og bronslutum. Línurnar sýna 20 sm millibil (Trench= Skurður; Excavation= Uppgröftur).

þar á meðal járnflögur úr stærri járnhlutum. Eins og bent hefur verið á, þá minnir Hulduhóll á skip og við álítum að sú staðreynd hafi átt þátt í því að hóllinn var valinn sem líkbrennslustaður. Fundist hafa fimm litlar bátsgrafir á Íslandi (Þór Magnússon 1966, Byock, J. 2001, bls. 294-296) en engin þeirra virðist hafa verið notuð til líkbrennslu, þó svo að heimildir um slíkar greftranir á víkingatímanum séu vel þekktar (Müller-Wille, M. 1995, bls. 101-110). Með fornleifarannsóknum MAP á Hulduhól á árunum 2001 til 2003 er í fyrsta sinn fundin vísindaleg sönnun fyrir líkbrennslu á Íslandi.

Höfuðkúpabrotin sem fundust á Hulduhól sýna öll merki þess að hafa verið brennd. Við líkbrennslu myndast það hátt hitastig að þrýstingur innan í

höfuðkúpunni sprengir hana í lítil brot (Holck, P. 1987). Það er dæmigert að fjögur brot úr höfuðkúpunni skyldu finnast dreifð yfir 2,5 metra svæði því brotin sundrast fyrst við hitann og síðan aftur ef hrært er í öskunni. Höfuðkúpabrotin frá Hulduhól eru öll ummynduð í kalk, það er að segja, hár hiti, um 800 ° C, í alllangan tíma, hefur eytt öllu úr þeim nema steinefnunum. Þetta bendir til þess að eldurinn hafi ekki verið tilviljanakenndur. Læknaháskólinn í Osló greindi höfuðkúpabrotin fjögur frá Hulduhól og komst að þeirri niðurstöðu að þau væru öll úr sama einstaklingi. Af samskeytum höfuðkúpunnar að dæma er líklegt að þessi einstaklingur hafi verið á fertugsaldri. Ekki var unnt að ákvarða kyn. Ekki var heldur unnt að ákvarða hvort hinar fjölmörgu beinflisar

sem blandaðar voru við öskuna, kolin og jarðveginn væru úr mönnum eða dýrum.

Sá siður að láta málmhluti fylgja greftrun eins og er í Hulduhól er algengt í heiðnum gröfum. Málmhlutirnir voru sendir í greiningu til Háskólans í Osló og Getty safnsins í Los Angeles. Niðurstöður sýna að herslu- og vinnsluaðferðir sem notaðar hafi verið við gerð bronsbrotanna og járnflaganna eru í samræmi við málmvinnsluaðferðir víkingaöldar (Scott, D. handrit, bls. 63-64). Nokkrar AMS kolefnisgreiningar á brenndum trjágreinum, sem fundust á líkbrennslustaðnum, benda til þess að líkbrennslan hafi átt sér stað á árabílinu 990-1020 (Byock, J. et. al. handrit, a). Sú aldursgreining tímasetur atburðinn skömmu fyrir eða eftir kristnitöku og um það bil á sama tíma og kirkjan var byggð.

Þessi fyrsti líkbrennslustaður sem fundist hefur á Íslandi frá víkingaöld hefur vakið mikla athygli bæði meðal fornleifafræðinga og sagnfræðinga, innan lands og utan. Að hluta til stafar áhuginn af langvinnum og áköfum deilum meðal fræðimanna um uppruna Íslendinga. Árum saman hefur deilan aðallega nærst á skorti á sönnunum um líkbrennslu meðal Íslendinga í heiðni þó hún hafi verið algeng á vestnorrænu svæðum, það er að segja norsku menningarsvæði (Holck, P. 1997). Barði Guðmundsson sagnfræðingur, hélt því fram að skortur á vísbendingum um venjulega líkbrennslu á Íslandi líkt og tíðkaðist í Noregi á þessum tíma væri vísbending um að Íslendingar kæmu fremur frá austnorrænu menningarsvæði en vestnorrænu eins og almennt hafi verið talið (Barði Guðmundsson 1959). Samkvæmt þeirri kenningu fluttu

höfðingjar frá Vestur-Noregi til Íslands vegna aukinna valda Haralds hárfagra (865-930) fyrsta konungs Noregs. Barði áleit að margir landnámsmanna væru Norðmenn aðeins að nafninu til. Hann heldur því fram að þeir hafi verið frá austurhluta Norðurlanda, danskir og sænskir víkingar, sem settust að á vesturströnd Noregs í byrjun 7. aldar til þess að ná betri yfirráðum á verslun við strendur Noregs og til þess að geta farið í víking til vesturs. Skoðanir Barða útskýra ýmis augljós frávik, eins og t.d. hvers vegna líkbrennslustaðir hafa ekki fundist og deilan um þessar skoðanir hafa skipt það miklu máli í nútímasögu Íslands að Kristján Eldjárn minnst sérstaklega á það í grein sinni í *Sögu Íslands*, án þess að þurfa að nefna Barða á nafn, að

„Þó svo að ekki hafi fundist líkbrennslustaðir á Íslandi þarf það ekki að tákna að landnámsmenn hafi komið frá einhverjum svæðum á Norðurlöndum þar sem líkbrennsla var alls óþekkt. Slíkt land var ekki til“ (Kristján Eldjárn 1974, bls. 138).

Niðurstöður:

Landslag frá heiðni til kristni

Fornleifarannsóknir í Mosfellsdal hafa leitt í ljós verulegar sannanir á því að umtalsverð byggð hefur verið þar frá landnámsöld fram yfir kristnitöku, og áfram allt fram á 12. öld. Með rannsóknarniðurstöðunum er að myndast vel skrásett mynd af flókinni sambúð og samskiptum heiðinna manna og kristinna á fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Á Hríbrú hafa fornleifafræði og fornar ritheimildir hjálpast að við að sýna fram á mikilvægi staðbundinna minja, sem

og rannsóknir á áþreifanlegum minjum í nánnum tengslum við ritaðar miðalda-heimildir.

Mikilvægur þáttur í rannsóknunum á Hrisbrú hefur falist í því að skoða og skilja hvernig greftunarsíðir og trúarbrögð hafa blandast við kristnitöku. Uppi hafa verið margar tilgátur í víkingaaldarfræðum um hætti, menningarleg gildi og trúarhegðun Norðurlandabúa á þeim tíma þegar skipt var frá heiðnum sið til kristni. Margt bendir til þess að breyting hafi átt sér stað frá heiðni til kristni á sérstökum helgistöðum en lítið er um skýrar fornleifafræðilegar sannanir þessu til staðfestingar. Niðurstöður okkar á Mosfelli gætu skipt máli í tengslum við þessa alþjóðlegu umræðu. Nálægð heiðinnar líkbrennslu á Hulduhól við kristna kirkju og kirkjugarð á Kirkjuhól sýnir einstaklega heillega mynd af trúarlegum greftunarstað og veitir okkur tækifæri til að skoða hvernig eitt ákveðið samfélag á víkingaöld kristnaðist. Sú staðreynd að kirkjan á Kirkjuhóli hafi verið byggð svo nálægt hinni heiðnu hæð á Hulduhóli segir okkur margt um félagslega og menningarlega hætti á þessum tíma og það er afar sjaldgæft í dag að finna minjastað með tveimur jafn vel varðveittum grafhaugum. Rannsóknarniðurstöðurnar benda til þess að heiðið og kristið samfélag hafi búið hlið við hlið á tímum kristnitökunnar.

Fornleifarnar á Mosfelli/Hrisbrú eru sérstaklega mikilvægar í sambandi við túlkun á Íslandssögunni vegna þess að fyrir rannsóknina höfðu aðeins verið til ritaðar heimildir um fólkið sem þar bjó. Grímur Svertingsson er gott dæmi um þetta. Hann bjó þar við kristnitöku og var lögsögumaður á árunum strax eftir hana. Grímur var giftur Þórdísi, dóttur

voldugs höfðingja frá Borg í Borgarfirði, og var einn af áhrifamestu mönnum á Íslandi á þeim tíma. Margir sagnfræðingar hafa lengi haldið því fram, og byggt það á rituðum heimildum, að margir voldugir höfðingjar á Íslandi, og þar á meðal Grímur, hafi tekið kristni til þess að halda völdum. Vegna þessa hafi margir höfðingjar reist kirkjur á jörðum sínum um árið 1000 til þess að fá vígða jörð á landareign sinni. En eru einhverjar sannanir fyrir þessu?

Niðurstöður fornleifarannsókna á Hrisbrú benda til þess að á landnámsöld hafi staðurinn verið bústaður höfðingja og staðsetning hans áhrifamikil í samfélagi og menningu íbúa Mosfellsdals. *Egils saga* segir frá því að Grímur Svertingsson hafi reist sér eigin kirkju og kirkjugarð að Hrisbrú í kjölfar kristnitökunnar. Áþreifanlegar fornleifar sem fundist hafa í rannsóknunum styðja þetta. Með byggingu kirkjunnar eftir kristnitöku staðfestu Mosfellingar, sú fjölskylda sem mestu réði á þeim tíma í dalnum, eignarhald sitt á landinu, sjálfsmynd sína og stöðu. Steinar og grafir að Hrisbrú sýna fram á miðpunkt í menningarlegu og raunverulegu landslagi á meðan áþreifanlegar minjar úr gröfunum veita okkur upplýsingar um heilsu og lífnaðarhætti, auk þess að staðfesta ofbeldi í samfélagi íbúanna á Mosfelli/Hrisbrú. Þessar áþreifanlegu minjar eru vitnisburður um tilraun völdugrar höfðingjaættar til þess að koma sér vel fyrir í breyttu trúarlegu og félagslegu umhverfi fyrstu tvö hundruð ár landnáms á Íslandi. Rannsóknir okkar benda til þess að landsvæðið hafi verið notað í trúarlegum tilgangi og til greftunar bæði fyrir og eftir kristnitöku; bæði heiðnir og kristnir hafi viljað hafa forfeður sína nálægt sér.



Við uppgröftinn á Hrísbú. Ólafur Ingimundarson, Andrés Ólafsson, Jesse Byock og Phillip Walker ræða málin.

Heimildaskrá

Amorosi, T., P. Buckland, A. Dugmore, J. H. Ingimundarson og T. H. McGovern (1997). Raiding the landscape: human impact in the Scandinavian North Atlantic. *Human Ecology*, 25, bls. 491-518.

Barði Guðmundsson. (1959). *Uppruni Íslendinga: safn ritgerða*. Reykjavík: Menningarsjóður.

Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson (2005). *Mosfellsbær – saga byggðar í 1100 ár*. Reykjavík: Mosfellsbær.

Buckland, P. (2000). The North Atlantic environment. Í W. Fitzhugh og E. Ward (ritstj.), *Vikings: The North Atlantic Saga*, bls. 146-53. Washington DC: Smithsonian Institution.

Byock, Jesse (1993). The skull and bones in Egils Saga: a Viking, a grave, and Paget's Disease. *Viator*, 24: 23-50.

Byock, Jesse (1994). Hauskúpan og beinin í Egils sögu. *Skirnir*. Vor, 168. árg. Bls. 73-109.

Byock, Jesse (1995). Egil's Bones: A Viking Warrior and Paget's Disease. *Scientific American* 272/1:82-87.

Byock, Jesse (2001). *Viking Age Iceland*. London and NY: Penguin.

Byock, J. (handrit). *Viking Age Graves in the Mosfell Valley: The Mosfell Archaeological Project, 2001*.

Byock, J. et. al. (handrit, a). *Pagan and Christian Burial Sites at Hrisbrú: The Mosfell Archaeological Project, 2002*.

Byock, J. et al. (handrit, b). *The Kirkjuhóll and Hulduhóll Excavations at Hrisbrú: The Mosfell Archaeological Project, 2003*.

Egils saga (1987). Íslendinga sögur og þættir. Í Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson (ritstj.). Fyrsta bindi. Reykjavík: Svart á hvítu.

Egils saga Skalla-Grímssonar (1933). *Íslensk fornrit II*. Sigurður Nordal gaf út. Reykjavík: Hið íslenska fornrita-félag.

Grönvold, K., N. Óskarsson, S. Johnsen, H. Clausen, C. Hammer, G. Bond og E. Brand (1995). Tephra layers from Iceland in the Greenland GRIP ice core correlated with oceanic and land-based sediments. *Earth and Planetary Science Letters*, 135, bls. 149-55.

Gunnar Karlsson (2000). *The History of Iceland*. Minneapolis: University of Minnesota Press.

Gunnar Karlsson (2004). *Goðamenning: Staða og áhrif goðorðsmanna í þjóðveldi íslendinga*. Reykjavík: Heimskringla, háskólaforlag Máls og menningar.

Gunnlaugs saga Ormstungu (1987). Í Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson (ritstj.), Íslendinga sögur og þættir. Annað bindi. Reykjavík: Svart á hvítu.

Helgi Þorláksson (1994). Hvað er bóðhefnd? Í G. Sigurðsson, G. Kvaran og S. Steingrímsson (ritstj.), *Sagnaþing: Helgað Jónasi Kristjánssyni sjötugum 10. apríl 1994*, bls. 389-414.

Reykjavík: Hið íslenska bókmennta-félag.

Holck, P. (1987). *Cremated Bones: A Medical-Anthropological Study of Archaeological Material on Cremation Burials*. Osló: Háskólinn í Osló.

Jón Jóhannesson (1974). *A History of the Old Icelandic Commonwealth: Íslendinga saga* Winnipeg: University of Manitoba.

Kristján Eldjárn (1974). Fornþjóð og minjar. Í Sigurður Línal (ritstj.) *Saga Íslands* I, bls. 99-152. Reykjavík: Bókmenntafélagið.

Müller-Wille, M. (1995). Boat-graves, old and new views. Í O. Crumlin-Pedersen og B. Thye (ritstj.), *The Ship as Symbol in Prehistoric and Medieval Scandinavia*, bls. 101-110. Kaupmannahöfn: Nationalmuseet.

Nafnaskrá íslenzkra presta (1857). *Íslenzkt fornbréfasafn*. Jón Sigurðsson (ritstj.). I. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Sigurdur Thorarinsson. (1943). Þjórsárdalur under landnamstid och sagatid“. Í Márten Stenberger (ritstj.), *Forntida Gårdar i Island*, bls. 17-21. Kaupmannahöfn: Munksgård.

Vatnsdæla saga. Hallfreðar saga. Kormáks saga (1939). Íslenzk fornrit VIII. Einar Ól. Sveinsson gaf út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Simpson, I. A., O. Vésteinsson, W. P. Adderley og T. H. McGovern (2003). Fuel resource utilisation in landscapes of settlement. *Archaeological Science* 30, bls. 1401-20.

Smith, K. P. (1995). Landnám: the settlement of Iceland in archaeological and historical perspective. *World Archaeology* 26, bls. 319-46.

Schwarcz, H. og A. Dickin (handrit). Appendix E: preliminaruy report on strontium isotopes in teeth from Kirkjuhóll. Í Jesse Byock et. al. (ritstj.), *Pagan and Christian Burial Sites at Hrisbrú: The Mosfell Archaeological Project*, 2002, bls. 84-5.

Scott, D. (handrit). Appendix A: examination of a small Icelandic copper alloy fragment from Hulduhóll. Í J. Byock et. al. (ritstj.), *Pagan and Christian Burial Sites at Hrisbrú: The Mosfell Archaeological Project*, 2002, bls. 63-64.

Þórður Harðarson (1984). Sjúkdómur Egils Skallagrimssonar. *Skírnir*. 158 árg. Bls. 245-8.

Þór Magnússon (1966). Bátkumlið í Vatnsdal. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1966, bls. 1-32.

Greinin birtist í Medieval Archaeology. Journal of the Society for Medieval Archaeology, Volume XLIX 2005, bls. 195-218 undir heitinu „A Viking-age Valley in Iceland: The Mosfell Archaeological Project.“

Nils Kjartan Guðmundsson þýddi.